



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

45. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 31. janúar 1980. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson. Auk þeirra Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara, Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda og Valtýr Guðjónsson, fundarritari.

Þetta var tekið fyrir:

1. Farið var yfir reikningsniðurstöður skólans árið 1979, eins og þær liggja fyrir í bráðabirgðayfirliti, en tölur úr tölvubókhaldi eru ekki komnar í heild. Rekstrarfjáráætlun skólans fyrir árið nam kr. 86.871.000. Lítur út fyrir að heildarniðurstöður í rekstrarreikningi muni standast að mestu. Einstakir liðir fara þó vissulega framyfir, svo sem póstur og sími, rafmagn og hitakostnaður, vaxtagjöld, akstur og efni til verknámsins. Þar sem endanlegar tölur eru ekki komnar, verður það ekki rakið nánar að sinni, en ljóst er að áætlun fyrir árið 1980 verður að breyta til samræmis við þær. Var samþykkt að yfirfara áætlunina nánar næstu daga, og til þess kosnir Gunnar Sveinsson, Valtýr Guðjónsson og Jón Hólmgeirsson, auk skólameistara. Þá var og samþykkt að senda sveitarfélögunum sem að rekstri skólans standa, greinagerð um áætlaðan hlutdeildarkostnað þeirra hvers og eins á árinu 1980.
2. Þá var rætt um nýframkvæmdir á vegum skólans, sem jafnan hafa verið fyrirhugaðar, svo sem eigið húsnæði fyrir verknámsbrautir, hönnun lóðar, listskreytingar, viðhald, málningu og breytingar innanhúss í skólanum. Til þess að undirbúa þetta nánar voru kosnir Gunnar Sveinsson, Valtýr Guðjónsson, og Sturlaugur Ólafsson auk skólameistara. Áætlað er að bjóða eitthvað af þessum verkum út.
3. Öldungadeild. Skólameistari skýrði frá samtali sínu við menntamálaráðherra um þrískiptingu launakostnaðar í öldungadeild þ.e. milli nema að 1/3 hluta, sveitarfélaga að 1/3 og ríki að 1/3. Lagði hann til að skólanefnd samþykkti

þetta. Víkið var að fjármálaþyrirkomulagi hjá öldunga-
deild Hamrahlíðarskólans. - Skólameistari lagði fram
skrá um nemendur í deildinni nú, með 160-170 nöfnum, og
benti á, að hið minnsta yrðu að vera 11 nemendur í hverjum
námsþópi að meðaltali vegna kostnaðar og taldi hann að
hlutur sveitarfélaganna á önn yrði rösklega 1.7 milljónir
króna.

Voru þessar niðurstöður samþykktar í nefndinni.

Var í framhaldi af þessu rætt um námsflokkana sem einstök
sveitarfélög hafa rekið, og benti á að skólinn kynni að
geta yfirtekið þá starfsemi og yrðu þeir þá einn liður í
starfi skólans. - Skólameistari lagði og fram fjölritaðan
pésa um framboð námsgreina í öldungadeild á vorönn 1980,
gerðan af Elni Þorleifssyni kennara.

4. Húsgögnum í mötuneyti nemenda hefur verið komið fyrir.
Umsjónarkona þar, með fjögurra stunda vinnu á dag, var
ráðin Erna Jónsdóttir. Auk þess eru komin húsgögn á kenn-
arastofu og eldhúsinnrétting væntanleg 1. febrúar. Um-
sjónarkona þar með fjögurra stunda vinnu á dag var ráðin,
Ólöf Björnsdóttir.
5. Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda lýsti áánægju sinni
með teikningu af væntanlegu fyrirkomulagi í setustofu nem-
enda. Þá minntist hann á, að enn vantaði rakarastól til
viðbótar í húsplássi hárskerabrautar, en það er að vísu
svo þröngt, að þar komast ekki fleiri stólar fyrir.
6. Skólameistari skýrði frá að nýverið hefði hann setið
fund 40 manna hóps í Reykjavík þar sem fjallað var um
fyrirkomulag og aðgerðir um fullorðinsfræðslu. Kosin
var þar þriggja manna nefnd til þess að starfa í málinu,
og fjalla m.a. um væntanlegt frumvarp um fullorðinsfræðslu.
Í nefndina voru kosin: Jón Böðvarsson, skólameistari,
Birna Bjarnadóttir, skólastjóri Bréfaskólans og Hákon
Torfason, fulltrúi menntamálaráðuneytisins.
7. Í samræmi við 2. lið fundargerðar 8. janúar 1980 hafa
verið tilnefndir í stjórnunarnefndir:
 - a) vegna bókasafns: Jón Böðvarsson, skólameistari, formaður
Þórunn Magnúsdóttir, bókavörður
Valtýr Guðjónsson, skrifstofustjóri
Ásta Svavarsdóttir, kennari, fyrir
kennara
Gylfi Garðarsson, nemi, fyrir nemendur

b) vegna fjölrítunar: Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskóla-
meistari, formaður
Sigurður Erlendsson, tækjavörður
Valtýr Guðjónsson, skrifstofustjóri
Maja Loebell, kennari, ~~fyrir kennara~~
Björg Halldórsdóttir, nemi fyrir
nemendur

Vitnað var í lið 7e í fundargerð frá 6. desember 1979 þar
sem getið er gjafa verkalyðsfélaga og stéttarfélaga á
Suðurnesjum, en fénu skyldi varið til kaupa á kvikmynda-
sýningavél fyrir skólann. Upphæðin vélritaðist skakkt
í fundargerðinni, kr. 5.000 í stað 500.000.

Gefendur voru: Iðnsveinafélag Suðurnesja
Verkakvennafélag Keflavíkur og nágrennis
Vélstjórafélag Keflavíkur
Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur
Útvegsbændafélag Keflavíkur
Verkalýðs og sjómannafélag Gerðahrepps
Verkalýðs og sjómannafélag Miðneshrepps
Starfsmannafélag Keflavíkurbæjar
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Iðnaðarmannafélag Suðurnesja

Áðurgreind upphæð á eftir að breytast til hækkunar.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson, fundarritari.